

stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 77.350.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. ágúst 1962 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1966.

Nr. 16/1965. **Sigurbjörn Eiríksson**

(Guðlaugur Einarsson hrl)

gegn

Þorvaldi Lúðvíkssyni (sjálfur),

Ragnari Þórðarsyni (Magnús Thorlacius hrl.)

og

Magnúsi Thorlacius (sjálfur).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Legi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Fjárnám. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. október 1964, var Ragnari Þórðarsyni forstjóra, Öldugötu 2, Reykjavík, dæmt að greiða Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni kr. 80.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 25. ágúst 1964 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað og kr. 10.250.00 í málskostnað. Dómhafinn, Þorvaldur Lúðvíksson, krafðist í bréfi 23. nóvember

1964, að borgarfélagið í Reykjavík framkvæmdi fjárnám í eignum dómþolands, Ragnars Þórðarsonar, til tryggingar á dómskuldinni, kr. 15.00 fyrir endurrit og kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kæmi. Þórhallur Pálsson borgarfélagi tók fjárnámsbeiðnina til meðferðar í félagadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu embættisins að Skólavörðustíg 12 hinn 8. janúar 1965. Fyrir félagadóminn kom gerðarbeiðandi sjálfur og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður af hendi gerðarþolands. Hann kvaðst ekki greiða fyrir gerðarþolanda, en vísaði á eftirtaldir eignir til fjárnáms: „Ísvél stór (í Næturklúbb), 130 franskir stólar (í Næturklúbb) og kæliskápur (í káetu). Munirnir eru geymdir í Framsóknarhúsinu við Frikirkjuveg hér í borg. Félagi lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.“

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson veitingamaður, Skálholtsstíg 2 A, Reykjavík, hefur skotið ofangreindri fjárnámsgerð til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1965 og stefnir þeim Þorvaldi Lúðvíkssyni, Ragnari Þórðarsyni og Magnúsi Thorlacius. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt allan kostnað málsins í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa, hver um sig, krafizt þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða hverjum þeirra málskostnað.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að hann sé eigandi muna þeirra, sem fjárnámi voru teknir. Hann kveðst eigi hafa vitað um fjárnámið, fyrr en hann hafi verið krafinn um að afhenda munina til uppboðs.

Hinir fjárnumdu munir voru í veitingahúsinu Glaumbæ, sem stefndi Ragnar Þórðarson hóf að reka á sínum tíma. Samkvæmt tilboðum og gagntilboðum milli hans og áfrýjanda í maí 1963 tók áfrýjandi við rekstri veitingahússins Glaumbæjar og vörzlum innanstokksmuna þar. Í bréfi til áfrýjanda 25. október 1963 lýsti stefndi Ragnar Þórðarson

því, að hann rifti vegna vanefnda „kaupsamningi um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963“ og áskildi sér rétt til skaðabóta. Bréf þetta var birt áfrýjanda af stefnuvottum 14. desember 1963. Af hendi áfrýjanda var vanefndum og riftun mótmælt með bréfi 3. janúar 1964.

Hér fyrir dómi hefur umboðsmaður stefnda Ragnars Þórðarsonar lýst því, að Ragnar Þórðarson hafi með stefnu 10. marz 1965 höfðað mál gegn Sigurbirni Eirikssyni fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og krafizt þess, að viðurkenndur verði eignarréttur sinn, þ. e. Ragnars, „að Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbær, Næturklubburinn og Káetan, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá, unz fjárkröfur“ sínar „eru greiddar að fullu og að stefndum verði dæmt að greiða“ honum „samtals kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá. Til vara er krafizt greiðslu á andvirði vörulagers og á eftirstöðvum af útborgun og á tveim afborgunum auk áfallinna vaxta og málskostnaðar svo og útgáfu skuldabréfs með fullnægjandi tryggingu fyrir eftirstöðvum kaupverðs.“

Hinn 20. desember 1965 tók Þorsteinn S. Thorarensen borgarfógeti til meðferðar af nýju áðurgreint fjárnám, sem framkvæmt hafði verið 8. janúar 1965. Var nú gerð svohljóðandi bókun af Þorsteini borgarfógeta: „Mættur er í réttinum Þorvaldur Lúðvíksson hrl. og fyrir Ragnar Þórðarson mætir Magnús Thorlacius hrl. Þeir eru sammála um að óska lausnargerðar, enda fjárnámskröfurnar gerðar upp. Fógeti lýsti því yfir, að hann létti af fjárnámi því, sem hinn 8. janúar 1965 var lagt á muni þá, sem að framan eru bókadír“, þ. e. ísvél stór í Næturklúbb, 130 franskir stólar í Næturklúbb og kæliskápur í káetu, allt í Veitingahúsinu Glaumbæ, Frikkirkjuvegi 7.

Þar sem fjárnámi því, sem lagt var hinn 8. janúar 1965

á framangreinda muni, er nú aflétt, og mál er rekið fyrir sjó- og verzlunardómi milli stefnda Ragnars Þórðarsonar og áfrýjanda um réttinn til munanna, á mál þetta eigi lengur heima fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa því frá dómi.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda Magnúsi Thorlacius málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur að öðru niður.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 8. janúar 1965.

Ár 1965, föstudaginn 8. janúar, setti Þórhallur Pálsson borgar-fógeti fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu embættisins að skólavörðustíg 12 og hélt hann við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Málið A-1637/1964

Þorvaldur Lúðvíksson

gegn

Ragnari Þórðarsyni.

Fógeti leggur fram sem rskj. nr. 1 beiðni um fjárnám og nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 729/1964, uppkveðnum 20. október 1964.

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 80.000.00 með 9% ársvöxtum frá 25. ágúst 1964 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað, kr. 10.250.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Hann kveðst ekki greiða fyrir gerðarþola, en vísar á eftirtalдар eignir til fjárnáms:

Ísvél stór (í Næturklúbb), 130 franskir stólar (í Næturklúbb) og kæliskápur (í káetu).

Munirnir eru geymdir í Framsóknarhúsinu við Frikirkjuveg hér í borg.

Fógeti lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda.

Fallið var frá virðingu.

Umboðsmanni gerðarþola er kunn þýðing fjárnámsins.

Uppl. játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Lausnargerð fógetadóms Reykjavíkur 20. desember 1965.

Ár 1965, mánudaginn 20. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-1637/1964

Þorvaldur Lúðvíksson

gegn

Ragnari Þórðarsyni.

Hinn 8. janúar 1965 fór fram fjárnám til tryggingar kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Rvíkur nr. 729/1964, kr. 80.000.00 með 9% ársvöxtum frá 25/8 '64 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað, kr. 10.250.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnámið.

Var gert fjárnám í ísvél (stór) í Næturklúbb, 130 frönskum stólum í Næturklúbb og kæliskáp í káetu, allt í Veitingahúsinu Glaumbæ, Frikirkjuvegi 7.

Mættur er í réttinum Þorvaldur Lúðvíksson hrl., og fyrir Ragnar Þórðarson mætir Magnús Thorlacius hrl.

Þeir eru sammála um að óska lausnargerðar, enda fjárnámskröfurnar gerðar upp.

Fógeti lýsti því yfir, að hann létti af fjárnámi því, sem hinn 8. janúar 1965 var lagt á muni þá, sem að framan eru bókaðir.